Bragi Ásgeirsson:

Ásgrímur Jónsson
Aldarminning

„Í hárbeittri skynjun þeirrar tegundar,
sem stundum lýstur meðvitund mannsins
í svefnrofunum, verður mér í fyrsta sinn
á ævinni ljóst, hver háski og hrikadýrð
er samfara lífinu á þessari jörð.“

Á þennan hátt hefur Ásgrímur Jónsson lýst bernskusýn, er sífelldlega vakti fyrir honum í endurminningunni, „**er hann stóð úti í hlaðvarpa, tveggja ára snáði, einn síns liðs og umvafinn hátíðlegri dul ljósaskiptanna. En skyndilega verður honum litið í norðaustur, og sér þá allt í einu, hvar eldglæringum bregður á loft, rauðum feiknstöfum, sem rista dimmt himinhvolfið, og jafnsenmma finnur hann jörðina bifast undir fótum sér. Hann gerir sér þess vitanlega enga grein, hvort hann er lengur eða skemur vitni að þessu torkennilega fyrirbæri, en hugur hans er á samri stund gagntekin lotningarfullum ugg**“ . . .

Hér voru á ferð umbrot og sprengingar þær, sem urðu í Krakatindi norðaustur af Heklu að áliðnum degi hinn 27. febrúar 1878, en þeim fylgdu eldsumbrot og jarðhræringar. Geymdist þessi ógnþrungna bernskulifun Asgrími í ljósu minni, en án þess þó að hann hugleiddi að leita því skýringar fyrr en áratugum seinna.

Enginn íslenzkur málari hefur lýst sinni fyrstu bernskuminningu á jafn myndauðugan hátt. Er mjög til efs að nokkurstaðar í veröldinni sé fyrsta lifun myndlistarmanns tengd jafn hrikalegri skynjan. Er hér næsta táknrænt, hve hin stórbrotna sýn grópast fast í vitund hins unga sveins, sem beið það hlutverk að búa þjóð sinni nýja tíma á sviði myndrænna skynjana, hefja myndræn atriði á ný til vegs.

Í dag mætti þess veglega minnast, að hundrað ár eru liðin frá fæðingu Ásgríms Jónssonar, eins fremsta brautryðjanda að nýsköpun íslenzkrar myndlistar á þessari öld. Ásgrímur er elztur „**hinna þriggja stóru**“, er ruddu braut nýju landnámi íslenzkrar myndlistar og tengdi hana aftur meginstraumum evrópskar listhefðar.



Mynd af Ásgrími tekin í Weimar í Þýzkalandi.

Ásgrímur Jónsson var fæddur að Rútsstaðahjáleigu í Flóa, Gaulverjabæjarhreppi í Árnessýslu hinn 4. marz 1876. Voru foreldrar hans Jón Guðnason bóndi, ættaður úr Þingeyjarsýslu, og kona hans, Guðlaug Gísladóttir, ættuð úr Hrunamannahreppi og komin af hinni þekktu Bolholtsætt.


Við yfirsýn og miklar sjóndeildir blöstu við Ásgrími til allra átta frá hlaðvarpa æskustöðvar hans. „**Upp frá hafinu í vestri rís Hellisheiði með hamrabelti og gnípur og þó fyrst Hlíðartáin, sem gengur niður að Selvogi, en síðan er Heiðin há og Kvennagönguhólar, og allmiklu austar Hengill og Geitafell. Þar tekur Ingólfsfjall við, en til norðurs á milli þess og Búrfells í Grímsnesi, ber Botnssúlur við himin og enn austar sér yfir Kálfstinda, fjöllin upp af Laugardal og Biskupstungum, Högnhöfða, Hlöðufell og Þórisfell. Er þá komið að Heklu sjálfri, drottningu íslenzkra fjalla, en fyrir sunnan hana taka enn við fjöll og jöklar í óslitinni röð, Tindafjallajökull og Seljalandsmúli, en suður í hafi spyrna Vestmannaeyjar við fæti. Og þessi víði og mikli fjallafaðmur tekur sífelldlega á sig nýjar myndir í þrotlausum leik ljóss og skugga, allt frá morgni til kvölds og frá árstíð til árstíðar.**“

Ásgrímur telst ekki fyrsti íslenzki myndlistarmaðurinn en um margt telst hann forgöngumaður á sviði málaralistar og ekki þarf langt að leita að tiltækum heimildum til að sannfærast um, að af „**hinum þremur stóru**“ frumkvöðlum framsækinnar íslenzkrar nútímalistar á enginn fremur skilið að teljast brautryðjandi en Ásgrímur. Hann er ekki einungis elztur þeirra, heldur fór hann fyrstur utan til listnáms haustið 1897, og efndi einnig fyrstur til sýningar á eigin verkum haustið 1903. Var sú sýning í svonefndu Melsteds-húsi við Lækjartorg, þar sem Útvegsbanki Íslands stend ur nú. Þá varð Ásgrímur fyrstur þeirra þremenninga til að hrífast af list Van Gogh og impressjónistanna og flytja slík áhrif heim til Íslands.

Ver. er að geta, að ungur að árum réðst hann til starfa vestur í Bíldudal til staðarhöfðingjans þar, „**Bíldudalskóngsins**“, og var það gæfa hans að njóta þar kynna og uppörvunar hinna stórmerku hjóna og menningarunnenda, Ásthildar Guðmundsdóttur og Péturs J. Thorsteinssonar. Það var ekki síður gæfa sonar þeirra Guðmundar (Muggs), að hitta fyrir slíka presónu sem Ásgrímur var. Í hlut Ásgríms féll að veita hinum unga listhneigða sveini fyrstu tilsögn í teikningu, og býr lengi að fyrstu gerð, en Ásgrímur var á þeim árum farinn að sýsla með ritblý, þvottabláma og krít. Úr þeim efniviði mun hann hafa unnið sína fyrstu mynd af Heklu, en um litakaup fara minni sögur á þeim árum.

Þá var einnig ein af fyrstu tilraunum Ásgríms á listabrautinni að móta úti í náttúrunni og eftir fyrirmyndinni sjálfri líkan úr leir, mosa, spýtum og ýmsu fleira handbæru, af Hróarsholtsklettum ásamt bænum og kirkjunni undir klettunum. „**Þessir fögru og unaðslegu klettar, sem blöstu við augum mínum hvern morgun, þegar ég kom á fætur, létu mig aldrei í friði. Í huga mínum fengu þeir yfir sig dularfullan ævintýraljóma, sem greindi þá frá öðru landslagi, sem ég þekkti. En ég kannaðist því betur við þetta hugðnæma umhverfi úr þjóðsögunum, sem ég hafði lesið eða heyrt á vökunni og flestar fjölluðu um útilegumenn og álfaslóðir.**“

Þau tvö ár, sem Ásgrímur dvaldi á Bíldudal, ýttu undir og mörkuðu til úrslita þá ákvörðun hans að leggja út á listabrautina, og enginn var sá staður á Íslandi í þann tíma, sem betur var fallinn til að efla með honum viljann til að brjóta brýr að baki og halda utan til listnáms. Ásgrímur vann fyrst í stað aðallega við uppskipun ýmiss varnings, m.a. á salti og kolum, þetta var óhrjáleg vinna og sannkallaður þrældómur, svo sem henni var þá háttað. En eftir að það spurðist, að hann fengist við að teikna og mála fékk hann fljótlega annan og virðulegri starfa, sem var að mála hús, skip og sitthvað fleira, jafnvel leiktjöld og var það einkum Pétur J. Thorsteinsson sem að því stóð. Þá keyptu börn þeirra hjóna, Ásthildar og Péturs iðulega af honum myndir fyrir eina eða fleiri krónur, og eitt sinn keypti Ásthildur af honum málverk fyrir tíu krónur, sem var ævintýralegur viðburður í lífi Ásgríms, og síðar á ævinni er honum nær að halda, að hann hafi ekki í annan tíma gert eftirminnilegri málverkasölu. Fleiri keyptu af Ásgrími myndir, og er hann löngu seinna sá eina slíka hjá góðkunningja sínum í Bíldudal, furðaði hann sig á, hve teikningin var nákvæm og vel útfærð. Þótt foreldrar Ásgríms væru í sveit fjöldans, kjörin kröpp og hann frumburður í hópi sjö systkina, gafst honum furðumikið tóm til að sinna hugðarefni sínu að gerð myndverka, — tilgangslítilli iðju að flestra dómi. Efnin voru knöpp og lífsbaráttan hörð, og faðirinn eina fyrirvinna heimilisins. Hann var þó ekki átalinn fyrir föndrið, en hvorki æskilegt hrós né uppörvun hlaut hann á þessum árum. Þó mun þetta „**kynlega dundur**“ hans trúlega hafa notið meiri samúðar en hann gerði sér grein fyrir. Þetta voru ekki tímar óþarfa orðræðna né yfirborðskennda, og þá þótti meiri reisn og manndómur að bera ekki hug sinn allan á torg og slíkt meira í bland við svalan lífsfrerann. Ásgrímur minntist þess þó að eitt sinn lét faðir hans þau orð falla við hann án sýnilegs tilefnis að hann ætti að verða málari. Þótti honum einkennilegt, að faðir hans skyldi taka þannig til orða og varð aldrei fyllilega ljóst, hvað fyrir honum vakti. En var hér um vissa viðurkenningu eða forspá að ræða? Tilfinningar koma fram með ólíkum hætti, þögn og afskiptaleysi lýsa á stundum meiri skilningi eða ádeilu en lofsyrði eða ámæli. Ásgrímur var foreldrum sínum einlæglega þakklátur fyrir réttlátssemi í hans garð, hvað þau voru í raun tillitssöm gagnvart sýsli hans, og hann sagði síðar „**að sér hafi**



Þessi mynd er stækkuð eftir lítilli ljósmynd sem fannst í húsi Ásgríms Jónssonar að honum látnum.